

6.október 2020

Fundur hjá stjórn foreldrafélags Hrafnagilsskóla og mætt eru Anna Júlía Aðalsteinsdóttir, Garðar Kári Garðarsson, Jóhanna Gísladóttir og Susanne Lintermann. Fjarverandi, Yairina Rodriguez de Lantigua.

Fram kom hugmynd um að hægt væri að útbúa föndurpakka, mögulega misjafnar útgáfur eftir stigi nemenda (yngsta stig, miðstig, unglingsstig) sem þau myndu fá með sér heim í lok nóvember. Það væri hugsað í staðinn fyrir jólafróðunni sem haldið er árlega á þeim tíma. Þetta er hugmynd af lausn vegna þessara sérstöku tíma sem eru í samfélaginu núna vegna Covid-19. Pakkinn myndi innihalda allan efnivið sem til þarf og börnin gætu fönðrað með sínum fjölskyldum heima. Fram kom t.d. sú hugmynd að gera lugt úr glerkrukku. Ræddum um möguleikann á að hvert barn fengi einnig einhvern glaðning með föndurpakkanum sínum.

Kannað var með áhuga á fræðslu með jákvæðum aga í leikskólanum, en eins og staðan er núna í þjóðfélaginu er ekki mikill áhugi á því og við sammála að kanna það aftur síðar.

Ræddum aftur stöðu á kaupum á eldstæði og fylgihlutum, s.s. eldstæði, potti, tekatli og lummupönnu. Heildarverð yrði í kring um 90 þúsund krónur.

Stjórnin skipti með sér verkum:

- Anna Júlía: ritari
- Garðar Kári: formaður
- Jóhanna: skólanefnd
- Susanne: gjaldkeri
- Yairina: skólaráð

Hafa samband við Anítu Jónsdóttur varðandi jákvæðan aga og kanna möguleikann á því að fá hana til okkar með fræðslu þegar covid-19 ástandið verður yfirstaðið.

Umræða um skapandi tómsundastarf fyrir nemendur í skólanum. Mögulega einhver námskeið í td. útskurði, málun, handavinnu. Áhugi nemenda liggur víðar en í íþróttagreinum og þannig fengu fleiri að njóta sín.

Gera þarf breytingu á raunverulegum eiganda foreldrafélagsins, færa það yfir á nýjann formann félagsins.

